

Fjármálaráðuneytið  
Bjarni Benediktsson ráðherra  
Fjármálaráðuneytinu  
Arnarhváli

Reykjavík, 16. febrúar 2016

**Efni: Expressþjónusta Fríhafnarinnar – ítrekun**

Vísað er til fyrri bréfa Félags atvinnurekenda til ráðherra, dags. 12. ágúst 2015 og 28. október 2015. Þar var spurt um afstöðu ráðuneytisins til pöntunarþjónustu Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svokallaðrar Express-þjónustu.

Að mati FA hefur Fríhöfnin fært sig æ lengra upp á skaftið í samkeppni við verzlunina í landinu, meðal annars með því að breikka vöruúrval sitt verulega út fyrir hágjaldavörur eins og áfengi og tóbak, sem hefð er fyrir að selja í fríhafnarverzlunum. Fríhöfnin er nú stórtækur sælgætis- og nærfatasali og stærsti snyrtivörusali landsins. Með rekstri Express-þjónustunnar er gengið enn lengra í samkeppni við innlenda verzlun með því að hægt er að kaupa vörur á netinu án opinberra gjalda og láta sækja fyrir sig í Leifsstöð.


Rífað var upp í bréfum FA til ráðherra að Félag íslenzkra stórkaupmanna, forveri FA, sendi þáverandi fjármálaráðherra fyrirspurn um sambærilega þjónustu Fríhafnarinnar, sem þá nefndist símasala, 7. ágúst 1996. Daginn eftir barst svarbréf frá Friðrik Sophussyni ráðherra og í framhaldinu tóku stjórnvöld fyrir símasöluna. Í bréfi FA til ráðuneytisins í ágúst síðastliðnum var spurt: „Hefur afstaða fjármálaráðuneytisins til slíkrar pöntunarþjónustu á vegum Fríhafnarinnar breytzt? Ef ekki, til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa?“

Jafnframt er vísað til svarbréfs ráðuneytisins frá 3. nóvember 2015. Þar kom ekki fram neitt efnislegt svar við spurningum FA. Ráðuneytið var sagt hafa málið áfram til skoðunar og „gerir sér vonir um að þeirri skoðun verði lokið fyrir árslok 2015.“

Þá leyfir FA sér að vísa einnig til svars fjármálaráðherra við fyrirspurn Vilhjálms Árnasonar á Alþingi, á þingskjali 772. Þar segir: „Ráðherra telur skynsamlegt að auka þátttöku einkaaðila í rekstri fríhafnarverslana en telur jafnframt mjög mikilvægt að í þeim efnum verði *vandlega gætt að því að raska ekki samkeppnisstöðu gagnvart aðilum sem stunda rekstur utan flugvallarsvæðisins.*“ (Leturbreyting undirritaðs)

Í ljósi þessa, og að nú er árið 2015 liðið fyrir allnokkru, leyfir FA sér að ítreka ósk sína um efnislegt svar fjármálaráðherra við upphaflegri fyrirspurn frá því fyrir hálfu ári.

Með vinsemd og virðingu,

  
Ólafur Stephensen  
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda